

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2104

2020/EES/50/72

frá 29. nóvember 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 1 og 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (1), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 (2) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Í rammanum fyrir verkefnið *Betri miðlun upplýsinga í reikningsskilum (e. Better Communication in Financial Reporting)*, sem miðar að því að bæta með hvaða hætti fjárhagsupplýsingum er miðlað til notenda reikningsskila, birti Alþjóðareikningsskilaráðið 31. október 2018 *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“ (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8)* til að útskýra nánar skilgreininguna á „mikilvægt“ í því skyni að auðvelda félögum að leggja mat á mikilvægi og til að auka gildi upplýsinga í athugasemdum við reikningsskil.
- 3) Eftir samráð við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil ályktar framkvæmdastjórnin að breytingarnar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* og IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 4) Breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8 fela þess vegna í sér breytingar á IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil* og IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrifyndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

- a) IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- b) IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- c) IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 1126/2008, ESB L 318, 10.12.2019, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 86/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 1606/2002, ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stj. 1126/2008, ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

- d) IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- e) IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2020 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

—

VIÐAUKI

Skilgreining á hugtakinu „mikilvægt“

Breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8

Breytingar á IAS-staðli 1, framsetning reikningsskila

Ákvæðum 7. liðar er breytt að því er varðar einingar sem hafa samþykkt *Breytingar á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum* frá 2018 og lið 139T er bætt við.

SKILGREININGAR

7. ...

Mikilvægt:

Upplýsingar eru mikilvægar ef ætla má að úrfelling, rangfærsla eða torræðni þeirra gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til.

Mikilvægi er háð eðli eða umfangi upplýsinga eða hvoru tveggja. Eining metur hvort upplýsingar, annaðhvort einar sér eða ásamt öðrum upplýsingum, séu mikilvægar með tilliti til reikningsskila hennar í heild.

Upplýsingar verða torræðar ef þeim er miðlað með þeim hætti að það gæti haft svipuð áhrif fyrir aðalnotendur reikningsskila og úrfelling eða rangfærsla þeirra upplýsinga. Eftirfarandi eru dæmi um aðstæður sem geta leitt til þess að mikilvægar upplýsingar verði torræðar:

- upplýsingar varðandi mikilvægan lið, viðskipti eða annan atburð eru birtar í reikningsskilunum en orðalagið sem er notað er óljóst eða óskýrt,
- upplýsingar varðandi mikilvægan lið, viðskipti eða annan atburð eru dreifðar um öll reikningsskilin,
- ólíkir liðir, viðskipti eða aðrir atburðir eru teknir saman á óviðeigandi hátt,
- líkir liðir, viðskipti eða aðrir atburðir eru aðgreindir á óviðeigandi hátt og
- mikilvægar upplýsingar eru faldar með lítilvægum upplýsingum að því marki að aðalnotandi getur ekki ákvarðað hvaða upplýsingar eru mikilvægar sem þar af leiðandi dregur úr skiljanleika reikningsskilanna.

Mat á því hvort ætla megi að upplýsingar gætu haft áhrif á ákvarðanatöku aðalnotenda almennra reikningsskila tiltekinna einingar, sem reikningsskilin taka til, krefst þess að eining taki tillit til einkenna þessara notenda ásamt því að taka tillit til eigin aðstæðna einingarinnar.

Margir núverandi og mögulegir fjárfestar, lánveitendur og aðrir lánardrottnar geta ekki krafist þess að einingar, sem reikningsskil taka til, veiti þeim upplýsingar beint og verða að reiða sig á almenn reikningsskil vegna stórs hluta þeirra fjárhagsupplýsinga sem þeir þarfnast. Þeir eru af þessum sökum þeir aðalnotendur sem almennum reikningsskilum er beint til. Reikningsskil eru gerð fyrir notendur sem hafa allnokkra þekkingu á viðskiptum og efnahagslegri starfsemi og sem fara yfir og greina upplýsingarnar af kostgæfni. Jafnvel vel upplýstir og samviskusamir notendur geta stundum þurft að leita aðstoðar ráðgjafa til að skilja upplýsingar um flókin efnahagsleg fyrirbæri.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

139T Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 7. lið í IAS-staðli 1 og 5. lið í IAS-staðli 8 breytt og 6. liður í IAS-staðli 8 felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á IAS-staðli 8, reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur

Ákvæðum 5. liðar er breytt að því er varðar einingar sem hafa samþykkt *Breytingar á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum* frá 2018. Ákvæði 6. liðar falla brott og lið 54H er bætt við.

SKILGREININGAR

5. ...

Hugtakið *mikilvægt* er skilgreint í 7. lið IAS-staðals 1 og er notað í þessum staðli í sömu merkingu.

...

6. [Felldur brott]

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

54H Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 7. lið í IAS-staðli 1 og 5. lið í IAS-staðli 8 breytt og 6. liður í IAS-staðli 8 felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á öðrum IFRS-stöðlum og útgáfum**Breytingar á IAS-staðli 10, atburðir eftir reikningsskilatímabilið**

Ákvæðum 21. liðar er breytt og lið 23C er bætt við.

Atburðir sem eiga sér stað eftir reikningsskilatímabilið sem kalla ekki á leiðréttingu

21. **Ef atburðir, sem eiga sér stað eftir reikningsskilatímabilið sem kalla ekki á leiðréttingu, eru mikilvægir má ætla að það að ekki sé greint frá þeim gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til. Þar af leiðandi skal eining veita upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern mikilvægan flokk atburða sem eiga sér stað eftir reikningsskilatímabilið sem kalla ekki á leiðréttingu:**

a) eðli atburðarins og

b) mat á fjárhagslegum áhrifum hans eða yfirlýsingu um að ekki sé hægt að vinna slíkt mat.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

23C Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 21. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu „mikilvægt“ í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

Breytingar á IAS-staðli 34, árs hlutareikningsskil

Ákvæðum 24. liðar er breytt og 58. lið er bætt við.

Mikilvægi

...

24. Í IAS-staðli 1 er hugtakið „mikilvægar upplýsingar“ skilgreint og gerð krafa um sérstakar upplýsingar um mikilvæga liði, þ.m.t. (til dæmis) aflagða starfsemi og í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er krafist upplýsinga um breytingar á reikningshaldslegu mati, skekkjum og breytingar á reikningsskilaaðferðum. Í stöðlunum tveimur eru ekki tölulegar leiðbeiningar um mikilvægi.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

58. Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 24. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu „mikilvægt“ í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

Breytingar á IAS-staðli 37, reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir

Ákvæðum 75. liðar er breytt og 104. lið er bætt við.

Endurskipulagning

...

75. Ákvörðun stjórnenda eða stjórnar um endurskipulagningu, sem er tekin fyrir lok reikningsskilatímabilsins, leiðir ekki til ætlaðrar skuldbindingar við lok reikningsskilatímabilsins nema einingin hafi, fyrir lok reikningsskilatímabilsins:

- a) hafist handa um framkvæmd áætlunar um endurskipulagningu eða
- b) veitt þeim sem áætlunin um endurskipulagningu hefur áhrif á nægilega ítarlegar upplýsingar um meginatriði hennar til að vekja hjá þeim réttmætar væntingar um að einingin muni framkvæma endurskipulagninguna.

Ef eining hefst handa um framkvæmd endurskipulagningaráætlunar eða tilkynnir þeim sem verða fyrir áhrifum af henni um meginatriði hennar ekki fyrir en eftir reikningsskilatímabilið er krafist upplýsinga samkvæmt IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, ef endurskipulagningin er mikilvæg og ætla má að það að ekki sé greint frá henni gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

104. Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 75. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu mikilvægt í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.